

Hugleiðing Sólveigar Önnu Bóasdóttur:

Innlegg mitt tekur útgangspunkt í rannsóknum sem heimfæra má upp á Guðfræði- og trúarbragðafræði sem er heitið á minni deild, en auðveldlega má líka segja að slíkar rannsóknir endurspegli rannsóknar- og túlkunarhefðir innan hugvísinda almennt talað. Hugvísindasvið sem ég kem frá hér í háskólanum, kallast School of Humanities á ensku, og vísar þar á vissan hátt til húmanismans sem lífsskoðunar, en þá lífsskoðun má skilja sem vörn fyrir manninn og virðingu hans. Hugvísindi, svo ég taki svolítið upp í mig, eru því ekki hlutlaus um hlutskipti manneskjunnar í samfélaginu og menningunni heldur bera þau hag hennar fyrir brjósti. Þetta má ekki hvað síst sjá í grein eins og siðfræðinni, sem er aðalgrein mín í guðfræðideildinni, - siðfræðingar eru ekki feimnir að tala á siðferðilegum nótum um hvað sé gott og æskilegt fyrir manninn og samfélagið og þá um leið eru þeir einnig ófeimnir við að gagnrýna það sem ógnar virðingu manneskjunnar og velferð. Ef ég væri beðin að benda á kjarna siðfræðilegrar orðræðu myndi ég segja að manngildi /mannhelgi – mannréttindi og menska– þessi þrjú EMM- væri sá kjarni.

Í bók minni *Ást, kynlíf og hjónaband* frá árinu 2008 skrifaði ég m.a. um hjónaband og fjölskyldur samkynhneigðra í ljósi mensku, mannréttinda og menningar. Þar gagnrýndi ég ríkjandi skilning kristni og kirkju í garð samkynhneigðra og talaði í því sambandi um gagnkynhneigðarhyggju sem ríkjandi viðmið innan trúarbragða og samfélaga. Sem laun fyrir þetta uppskar ég mikla þöggunartilburði af hálfu kirkjunnar hér á landi sem sáu í mér óvin fjölskyldunnar og hjónabandsins. Að slík skuli hafa orðið raunin á, er alveg í samræmi við framgöngu fulltrúa trúarbragða á alþjóðlegum ráðstefnum á vegum S.Þ. um fjölskyldu -, heilsu -, þróunar - og mannréttindamál á undanförunum 15 árum.

Miklu hefur vissulega verið áorkað á þessum vettvangi í átt að auknum réttindum ýmissa hópa, s.s. kvenna, barna og ýmissa annara hópa, en fram til þessa dags hefur þó reynst ómögulegt að koma inn orðalagi í ályktanir og stefnuyfirlýsingar þess efnis að kynferðislegum minnihluta hópum, þar á meðal samkynhneigðum, megi ekki mismuna á grundvelli kynhneigðar sinnar. Að þetta skuli ekki hafa tekist, byggist á áhrifum fulltrúa trúarbragða eins og kristni og íslam. Allt tal um samkynhneigða, transgender fólk og intersex fólk er sem eitur í þeirra beinum og þrýstihópar á þeirra vegum koma í veg fyrir að réttindi þessa hópa séu orðaðir með skýrum hætti á vegum S.Þ. Þetta er staðreynd sem nauðsynlegt er að þekkja til í okkar upplýsta landi sem . Aðalrök fulltrúa trúarhópanna, hvort sem þeir eru kristnir eða t.d. múslímar, fyrir því að orð eins og sexual orientation, transgender, og intersex megi ekki fá inni hjá S.Þ., eru ein og þau sömu: að ef við viðurkennum hinsegin fólk, hinsegin fjölskyldur og hinsegin hjónabönd þá sé voðinn vís: við munum yfirgefa gildagrunn menningarinnar og slíkt muni leiða til hruns samfélaga og menningar þar sem hornsteinninn sé fjölskyldan og hið gagnkynhneigða hjónaband.

Það sem mér liggur á hjarta er hversu mikilvægt ég tel að Háskóli Íslands og rannsóknir á hans vegum íhugi fjölskylduhugtakið á gagnrýninn hátt í ljósi hugtaksins gagnkynhneigðarhyggju.

Gagnkynhneigðarhyggja gengur út frá þeirri bjargföstu trú að tvö kyn séu undir sólinni, karlkyn og kvenkyn. Allt annað sé líffræðileg brenglun sem reyna eigi að lagfæra og breyta. En okkur hefur ekki aðeins verið innrætt að manneskjur séu annað hvort karlkyns eða kvenkyns heldur hefur okkur einnig lærst að við séum annað hvort gagnkynhneigð eða samkynhneigð. Þannig hefur kyn(ferði) og kynhneigð verið gerð að undurstöðu sjálfsmyndar á Vesturlöndum sem er allólíkt því sem gerist víða annars staðar í veröldinni. Gagnkynhneigðarhyggja fjallar því ekki bara um tvenns konar kyn í heiminum heldur tengist hún einnig hugmyndum um tvenns konar kynhneigð (sexual orientation), þetta hugtak sem ekki má nefna í opinberum mannréttindaplöggum á vegum S.þ.

Á vettvangi S.Þ. hefur á undanföllum 15 árum staðið yfir þrotlaus barátta fyrir auknum mannréttindum þeirra sem falla ekki í hinn stóra viðtekna hóp gagnkynhneigðra. Tvíkynhneigt fólk og Transfólk reynir í æ ríkara mæli að gera sig gildandi en þar er á brattann að sækja.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin setti árið 2004 fram alþjóðleg markmið varðandi kynferðislega heilbrigð samfélög (e. sexually healthy society). Þessi markmið eru afar athyglisverð frá ýmsum sjónarhornum, sem ég get þó ekki farið inn á í þessu stutta erindi. Hér læt ég nægja að varpa fram því tæki sem alþjóðleg samtök um kynheilbrigði í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina hafa sett fram til verndar og eflingar öllu fólki óháð kynhneigð þess. Það eru hin svokölluðu *kynverundarréttindi* (sexual rights).

Kynverundarréttindi (segir í texta frá 1999) eru alþjóðleg mannréttindi byggð á þeirri sannfæringu að hver maður sé jafnborinn til frelsis, mannhelgi og jafnréttis. Þar sem heilsa tilheyrir grundvallar mannréttindum hlýtur kynheilsa einnig að tilheyrja grundvallar mannréttindum. Í því skyni að tryggja að allar manneskjur og samfélög þrói með sér heilbrigða kynverund verða öll samfélög að viðurkenna, stuðla að, virða og verja eftirfarandi kynverundarréttindi með öllum ráðum. Kynheilsa er árangur umhverfis sem viðurkennir, virðir og iðkar þessi réttindi.

Með þessi orð að leiðarljósi vil ég hvetja okkar samfélag, þar með talið Háskóla Íslands, til að stuðla að kynheilsu og verða þannig kynferðislega heilbrigðara og betra. Eins og glögg kemur fram byggir ofangreindur skilningur á kjarnahugtökum Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Kynverundarréttindi, má skoða sem griðarétt (á siðfræðilegu tungutaki) en sá réttur er jafnframt er grunnurinn að gæðarétti: þ. e. möguleikanum á að geta lifað góðu, innihaldsríku og heilbrigðu lífi sem kynvera.

Þegar við tölum um fjölskyldur erum við oftast að tala um gagnkynhneigt fólk og fjölskyldur þeirra og nú nýverið samkynhneigt fólk. En það er til fleira fólk og það er mikilvægt að nefna það, í

stað þess að vísa þeim út á jaðarinn. Orðræða alþjóðaheilbrigðisamtakanna og alþjóðasamtaka um kynheilbrigði nú um stundir um *human sexuality*, eða kynverund manneskjunnar, getur forðað okkur frá því að gera það, en hún talar um það sameiginlega með öllum mönnum, sem er hæfnin til að leita ástar, tengsla, hlýju og nándar. Þessi hæfni gerir þó ekki öllum kleift að stofna fjölskyldu. Okkar íslenska samfélagi gefur fólki vissulega mikið svigrúm til að blómstra sem kynverur en þó er enn hópur fólks sem finnur hvergi samastað í tilverunni. Ég hvet okkur í Háskóla Íslands til að huga að því og vera eins og endranær gagnrýnin á ríkjandi viðmið og tilbúin til að breyta þeim til stuðnings manneskjum sem þurfa á því að halda.

Spurning: „Að hve miklu leyti göngum við út frá gagnkynhneigðarhyggju í hugsun okkar um málefni fjölskyldunnar og að hve miklu leyti erum við tilbúin til að breyta því?“

Kynverundarréttindi (sexual rights)

Réttur til frelsis í kynlífi

Réttur til sjálfræðis, heiðarleika og öryggis andlegra og líkamlegra þátta kynverundar

Réttur til friðhelgi kynverundar

Réttur til sanngirni í kynlífi

Réttur til að njóta kynlífs

Réttur til tjáningar kynferðislegra tilfinninga

Réttur til frjálstrar ákvarðanatöku varðandi barneignir

Réttur til kynfræðslu sem byggir á vísindalegum rannsóknum

Réttur til alhliða fræðslu um kynverund Réttur til kynheilbrigðiþjónustu

¹ Sbr. Pan American Health Organization (PAHO), World Health Organization (WHO), World Association for Sexology. 2000. „Promotion of Sexual Health: Recommendations for Action.“